

# ÖRYGGISKORT FYRIR SJÚKLING [fyrir Dabigatran etexilate Teva 75 mg/110 mg/150 mg hörð hylki]

Dabigatran etexilate Teva hörð hylki

dabigatran etexílat

- Þú/umönnunaraðili þinn skuluð ávallt hafa kortið meðferðis
- Vertu viss um að vera með nýjustu útgáfuna af öryggiskortinu

Janúar 2025



## Kæri sjúklingur/umönnunaraðili sjúklings á barnsaldri,

Læknirinn þinn/barnsins hefur hafið meðferð með Dabigatran etexilate Teva. Til þess að nota Dabigatran etexilate Teva á öruggan hátt skaltu íhuga mikilvægar upplýsingar í fylgiseðlinum.

Þar sem þetta öryggiskort fyrir sjúkling inniheldur mikilvægar upplýsingar um meðferðina sem þú/barnið ert á, skaltu ávallt hafa kortið meðferðis til þess að upplýsa heilbrigðisstarfsfólk um að þú/barnið notir Dabigatran etexilate Teva.

## Upplýsingar um Dabigatran etexilate Teva fyrir sjúkling/umönnunaraðila sjúklings á barnsaldri

*Um meðferðina sem þú/barnið ert á*

- Dabigatran etexilate Teva þynnir blóðið. Það er notað til meðferðar á blóðtöppum sem eru til staðar eða til að koma í veg fyrir myndun hættulegra blóðtappa.
- Fylgdu fyrirmælum læknisins/læknis barnsins um notkun Dabigatran etexilate Teva. Slepptu aldrei skammti og ekki hætta að taka Dabigatran etexilate Teva án þess að ræða fyrst við lækinn/lækni barnsins.
- Láttu lækinn/lækni barnsins vita um öll önnur lyf sem þú/barnið notar.
- Láttu lækinn/lækni barnsins vita um inntöku Dabigatran etexilate Teva áður en þú þarft að gangast undir skurðaðgerð/ífarandi aðgerð.
- Dabigatran etexilate Teva hylki má taka hvort sem er með eða án matar. Hylkið á að gleypa í heilu lagi með glasi af vatni. Ekki má brjóta hylkið eða tyggja það og ekki má fjarlægja kornin úr hylkinu.

*Hvenær leita á læknishjálpar*

- Taka Dabigatran etexilate Teva getur aukið blæðingarhættu. Ræddu tafarlaust við lækinn/lækni barnsins ef þú/barnið finnur fyrir merkjum og einkennum blæðingar eins og: bólga, óþægindi, óvenjulegur verkur eða höfuðverkur, sundl, fölvi, slappleiki, óvenjulegir marblettir, blóðnasir, blæðingar úr tannholdi, óvenjulega langvarandi blæðing úr sári, óeðlilegar tíðablæðingar eða blæðing úr leggöngum, blóð í þvagi sem getur verið bleikt eða brúnt, rauðar/svartar hægðir, blóðhósti, uppköst sem eru blóðug eða líkjast kaffikorgi.
- Ef þú dettur eða meiðir þig, sérstaklega ef þú rekur höfuðið í, er áriðandi að leita til læknis.
- Ekki hætta að taka Dabigatran etexilate Teva án þess að ræða fyrst við lækinn/lækni barnsins ef þú/barnið finnur fyrir brjóstsviða, ógleði, uppköstum, magaóþægindum, uppþembu eða verkjum í efri hluta kviðar.

## Upplýsingar um Dabigatran etexilate Teva fyrir heilbrigðisstarfsfólk

- Dabigatran etexilate Teva er segavarnarlyf til inntöku (trombínhemill með beina verkun).
- Nauðsynlegt gæti verið að hætta meðferð með Dabigatran etexilate Teva áður en skurðaðgerð eða ífarandi aðgerð fer fram.
- Í meiri háttar blæðingartilvikum á að stöðva meðferð með Dabigatran etexilate Teva tafarlaust.
- Sérþækt viðsnúningslyf (idarucizumab) er fáanlegt handa fullorðnum sjúklingum. Ekki hefur verið sýnt fram á verkun og öryggi sérþæka viðsnúningslyfsins idarucizumabs hjá börnum.
- Frekari upplýsingar og fleiri ráð til að vinna á móti segavarnaráhrifum Dabigatran etexilate Teva má finna í samantekt á eiginleikum lyfs fyrir Dabigatran etexilate Teva og idarucizumab.
- Dabigatran etexilate Teva skilst aðallega út um nýru. Því verður að viðhalda fullnægjandi þvagmyndun. Dabigatran etexilate Teva skilst út með blóðskilun.

Vinsamlegast fyllið inn eftirfarandi upplýsingar eða biðjið lækinn/lækni barnsins um það.

### Upplýsingar um sjúkling

---

Nafn sjúklings

---

Kennitala

---

Ábending fyrir segavarnarmeðferð

---

Skammtur af Dabigatran etexilate Teva